

65. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 18. janúar 2022, kl. 13:00 á netinu.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Guðrún Unnsteinsdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Rósa Jónsdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Sara Sigurbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Stefnumótun varðandi menningarlíf

Skólameistari gerði grein fyrir því að í Covid hefði ýmislegt verið sett á ís. Þó tókst að hafa sýningu í húsi á verkum útskriftarnema fyrir jóla og gekk það vel. Að öðru leyti var sýningin rafræn. Engin ný mál hafa verið unnin í menningarstefnu skólans og er hún óbreytt.

2. Námsframboð skólans

Námsframboð á vorönn er hefðbundið utan 9 áfanga sem ekki hafa verið kenndir áður. Þar er um að ræða áfangana FÉLA2KY05 (kynjafræði), ÍSAN2KK05 (íslenska fyrir útlendinga), ÍSLE3BB05 (barna- og unglingabókmenntir), MYNL2TL05 (myndlist í tölvuleikjum), RAFÍ3RM05 (rafíþróttir), SAGA3PS05 (þverfagleg saga), TÖHÖ2LH05 (leikjahönnun), TÖLL2KV05 (kvikmyndir og tölvuleikir), TÖLL2UYS05 (tölvuleikir, yndisspilun). - Umræður urðu um námsframboðið og nýjungar. Ida sagði frá beiðnum um samstarf frá erlendum skólum og sérfræðingum sem munu koma til okkar á vegum Erasmus.

3. Niðurstaða náms á haustönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðu haustannar. Í upphafi annar voru 479 nemendur skráðir og þann 18. desember útskrifuðust 39 nemendur, 19 af félags- og hugvísindabraut, 3 af náttúruvísindabraut, 3 af listabraut, 8 af kjörnámsbraut og 5 luku stúdentsprófi að loknu starfsnámi. Þá útskrifaðist einn af starfsbraut. Alls hafa þá 427 verið útskrifaðir frá skólanum frá upphafi. Á haustönn skilaði skólinn 221 ársnemanda sem er svipað og á síðustu vorönn (227). Starfsbraut skilaði um 3 ársnemum. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn er 7,0 sem er svipað og á vorönn. Fall í áföngum var að meðaltali 19% og brottfall er hærra en síðustu annir eða 10% og er það fyrst og fremst meðal fjarnema. Hópanýting var 89%.

4. Innritun, upphaf annar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir upphafi vorannar. Í upphafi annar er skráður 541 nemandi í skólann og þar af eru 469 með skólann sem aðalskóla. Alls voru samþykktar 259 nýjar umsóknir og 9 hafnað. Er það mesti fjöldi frá upphafi. Fjarnemar eru 483.

Skólameistari ræddi um ársnemendafjölda sem var fjölgað á síðasta ári.

5. Tröllaskagasetur

Skólameistari sagði frá að verkefnið sem kynnt var á síðasta skólanefndarfundi væri komið í farveg og Bjarney Lea Guðmundsdóttir hefði verið ráðin sem verkefnastjóri.

Málið var kynnt fyrir bæjarráði Fjallabyggðar og er sveitarfélagið tilbúið til samstarfs. Sótt hefur verið um styrk í uppbyggingarsjóð SSNE en ekki enn ljóst hvort hann fæst.

6. Önnur mál

Viðfangsefni starfsfólks skólans á vorönn

Skólameistari sagði frá því að starfsfólk hefði ákveðið að fjalla um heimsmarkmið og líkamlega og andlega heilsu á fagfundum á vorönn.

Erlent samstarf á vorönn

Ída sagði frá því að skólinn hefði sótt um að verða UNESCO-skóli. Það tengist vinnu með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Unnið er með þau í ýmsum áföngum og kom hún inn á hvernig það hefur verið útfært. Hún gerði einnig grein fyrir styrkjum sem fengist hafa fyrir námskeiðum fyrir kennara. Lára fór yfir þau verkefni sem eru framundan en mikil óvissa ríkir auðvitað enn um mörg þeirra vegna hugsanlegra ferðatakmarkana.

Þóknun til skólanefndar

Skólameistari upplýsti að greitt yrði fyrir skólanefndarfundi um mánaðamót.

Náms- og starfsráðgjafi

Dóróþea spurði eftir hvort ráðið hefði verið í starf náms- og starfsráðgjafa. Lára upplýsti að tvær umsóknir hefðu borist en hvorug frá náms- og starfsráðgjafa. Ákveðið var að ráða annan þeirra tímabundið, Hólmar Hákon Óðinsson, sem hefur stýrt og kennt á starfsbraut.

Næsti fundur er boðaður 15. mars.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.